

### **Malbikuð-, hellulögð- og grassvæði**

1. **Malbik:** Það malbik sem þarf að nota til að ganga frá yfirborði kemur frá Malbikunarstöð Akureyrarbæjar (MA). Greitt er fyrir samkvæmt gjaldskrá hverju sinni. Malbik verður afgreitt milli kl. 8-17 virka daga í samráði við umsjónarmann (MA) eða verkstjóra malbikunar. Val á tegund skal vera í samráði við verkstjóra malbikunar.
2. **Frágangur malbiks:** Aðeins viðurkenndir aðilar skulu sjá um malbikun. Allar brúnir skulu vera sagaðar. Ávalt skal saga 20 cm út fyrir skurðbreidd til að tryggja að næg þjöppun náist undir malbik. Vanda skal alla þjöppun og skal kalla á verkstjóra malbikunar þegar yfirborð er tilbúið undir malbik. Þykkt malbiks skal ákveðið í samráði við verkstjóra malbikunar. Ekki verður heimilt að hafa fleiri sár en eitt í gangstétt eða stíg þegar farið er langsum. Ekki er heimilt að hafa sár langsum í nýjum stéttum/stígum að mati Akureyrarbæjar hverju sinni. Í eldri stéttum, stígum skoðar Akureyrarbær það hverju sinni hvort hann taki þátt í verkinu og endurnýi í leiðinni yfirborð og eða kantstein. Að öðruleiti er vísað í AK-VERK, leiðbeiningar Akureyrarbæjar og Norðurorku varðandi verklag.
3. **Hellur yfirborð:** Aðeins viðurkenndir aðilar skulu sjá um hellulagnir. Ávalt skal fjarlægja hellur utan við skurðarstæði svo að næg þjöppun náist undir hellulögnina. Viðgerðin skal unnin í samráði við verkstjóra garðyrkjumála. Að öðruleiti er vísað í AK-VERK, leiðbeiningar Akureyrarbæjar og Norðurorku varðandi verklag.
4. **Grassvæði yfirborð:** Aðeins viðurkenndir aðilar skulu sjá um viðgerðir grassvæða. Í eldri graseyjum mun Akureyrarbær skoða hverju sinni hvort hann taki þátt í verkinu og endurnýi í leiðinni yfirborð graseyjarinnar. Viðgerðin skal unnin í samráði við verkstjóra garðyrkjumála. Leyfilegt er að endurnýta grasþökur uppfylli þær kröfur sem gerðar eru um þykkt og að þær standi ekki lengur en 3 sólarhringa upprúllaðar. Að öðruleiti er vísað í AK-VERK, leiðbeiningar Akureyrarbæjar og Norðurorku varðandi verklag.
5. **Ábyrgð á verki:** Veitustofnanir eða aðrir aðilar sem þurfa að gera við yfirborð, bera ábyrgð á viðgerðinni. Komi í ljós að viðgerðinni sé ábótavant skorar Akureyrarbær á viðkomandi aðila að lagfæra vankanta innan 10 daga, að öðrum kosti áskilur Akureyrarbær sér rétt til að lagfæra þá vankanta sem kunna að koma upp á kostnað viðkomandi aðila.
6. **Framkvæmdaleyfi:** Skipulagsnefnd afgreiðir framkvæmdaleyfi. Í þeim tilvikum sem ekki þarf framkvæmdaleyfi frá Skipulagsnefnd þarf að senda inn teikningu sem sýnir staðsetningu þar sem þarf að grafa á verkstjóra á framkvæmdamiðstöð sem gefur leyfi fyrir verkinu.
7. **Annað:** Staðsetning lagna sjá leiðbeiningar Samorku, Skipulag jarðlagna í þéttbýli (<http://sw.swapp.lausn.is/doc/2585?wosid=false>)